

7. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr.“ orðin: laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60 29. maí 1972, 78. gr.

Í 3. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „á næstu þremur vikum“ orðin: á næstu fjórum vikum.

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því.

8. gr.

Í 1. málslíð 36. gr. laganna komi í stað orðanna „innan mánaðar frá uppsögu dóms“ orðin: innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57 18. apríl 1962 og gefa lögin út að nýju svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

2. gr.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

3. gr.

Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitilanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Vishnukumar Chunibhai Naranbhai, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Kenya 23. júní 1941.
2. Aylett, Patricia Ann, kennari á Selfossi, f. í Englandi 30. september 1941.
3. Ásgeir Viðar Ásgeirsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. janúar 1971.
4. Boucher, Antony Leifur Estcourt, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 8. maí 1954.
5. Brown, Margrét Ragnheiður, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
6. Bury, Susan, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 5. maí 1944.
7. Ciesielski, John Óli, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. júní 1952.
8. Clark, June Eveline, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. október 1960.
9. Clark, William Robert, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. apríl 1962.
10. Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, járnsmiður í Hafnarfirði, f. í Chile 22. sept. 1948.
11. Danielssen, Andrea Ingigerd, tannsmiður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. febrúar 1950.
12. Einar Þór Jóhannsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. nóvember 1970.
13. Eva Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 24. október 1970.
14. Felton, Sonja Shirley, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 15. september 1945.
15. Haubitz, Anna Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1934.
16. Haubitz, Günter, bakari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. desember 1930.
17. Heidenreich, Freddy Andreas, sjómaður í Neskaupstað, f. í Danmörku 8. júní 1945.